

Nd.

441. Nefndarátt

um frv. til laga um framlenging á gildi laga nr 48, 4. júní 1924, um gengis-
skráning og gjaldeyrisverslun.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefir athugað frv. þetta og breytingartillögur, sem komnar
eru fram við það á þskj. 393.

Nefndin er á einu máli um, að gengisnefndin eigi að starfa áfram, eins og frv. gerir ráð fyrir, og getur einnig fallist á þá meginhugsun, sem felst í brtt. á þskj. 393, að leggja eigi aðaláhersluna á að festa gengi íslensku krónunnar og fara varlega í hækkun hennar. Nefndin getur því fallist á brtt. að því leyti, sem hún stefnir að þessu, og á hitt, að fulltrúar aðalatvinnuveganna, sjávarútvegs og landbúnaðar, eigi sæti i nefndinni.

Hins vegar verður nefndin að lita svo á, sem óeðlilegt sje, að þessir nýju nefndarmenn eigi atkvæðisrjett um gengisskráninguna sjálfa, þar eð þeir hafa enga aðstöðu til að kaupa þann gjaldeyri, sem býðst með því verði, sem nefndin ákveður, en það verða bankarnir að gera.

Þess vegna leggur nefndin til, að vald hinna nýju nefndarmanna nái ekki til sjálfrar gengisskráningar, en þeir hafi um hana að eins ráðgefandi atkvæði, en telur hins vegar, að öll nefndin eigi að taka alvarlega til athugunar, hvaða ráðstafanir þurfi að gera, verði að því ráði horfið að festa endanlega gengi íslenskrar krónu og gera hana innleysanlega með gulli, t. d. einhversstaðar nálægt því gullgildi, sem hún hefir nú, og beri fram tillögur sínar um það fyrir næsta Alþingi.

Nefndin getur fallist á þá skipun, sem brtt. fer fram á um val aðilja í nefndina, og ennfremur að af þessari breyting nefndarinnar leiði, að ríkissjóður greiði $\frac{2}{5}$ kostnaðar við nefndarstörfin.

Tillögur nefndarinnar eru því þær, að frv. sje samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við brtt. á þskj. 393.

Niðurlag b-liðar orðist svo:

Tveir hinir síðasttöldu hafa þó ekki atkvæðisrjett i nefndinni um gengisskráninguna.

Nefndin er bundin þagnarskyldu.

2. Við fyrirsögn frv. bætist: og breyting á þeim lögum.

Alþingi, 2. maí 1925.

Kl. Jónsson, Jón A. Jónsson, Sveinn Ólafsson.
form. og frsm. fundaskrifari.

Björn Líndal. Halldór Stefánsson.

Við undirritaðir sjáum ekki ástæðu til þess að breyta til um fyrirkomulag nefndarinnar frá því, sem verið hefir. Hins vegar virðist sanngirni mæla með því, að einnig væri tekið tillit til hagsmuna neytenda, á sama hátt og framleiðenda, ef fjölga ætti mönnum i nefndinni. Leggjum við því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

D. u. s.

Jakob Möller. Magnús Jónsson.